

# Að mála múrklæðningu (einangrun utan frá) með síloxan/steinsílan akrýlmálningu



sikkens

## Val á efnum

Múrklæðningu skal ætíð mála með síloxan akrýlmálningu (Murtex Siloxane eða Alphasiloxan Flex). Slík málning býr yfir einstökum öndunareiginleikum en nauðsynlegt er að máluð múrklæðning geti „andað“. Málning sem er of lokuð getur valdið rakapéttingu í einangrun undir múrklæðningu sem síðan frýs á vetrum og sprengir af sér múrklæðninguna í kjölfarið.

## Nýmálun

1. Tryggið að múrklæðningin sé þurr og laus við ryk, fitu, myglu og önnur óhreinindi. Sumar tegundir af múrklæðningu þurfa hafa staðið í allt að 1 ár fyrir málun. Gerið við sprungur og skemmdir með Husrep eða sambærilegum sements- og trefjafylltum viðgerðarefnum.
2. Á hefðbundna múrhúð er ráðlagt að bera Murtex Waterproof eða Mur-Silan (mónósílan) vatnsvörn. Látið þorna í a.m.k. 48 klst. Sílandið dregur úr hárpípusogi vatns í steypu.
3. Grunnið síðan eftir þörfum með Alpha Aquafix Opaque (hvítur grunnur), þynntum um 10-15% af vatni eða Professional Microdispers (glær grunnur). Á mjög gljúpa og duftsmitandi fleti skal nota Professional Microdispers.
4. Vatnsbretti og lítið hallandi fleti skal mála 2-3 umferðir af ONE Super Tech. Málið aðeins út á lóðréttan flöt til að mynda „hatt“ sem varnar því að vatn skríði undir málningarfilmuna.
5. Málið loks 2 umferðir með síloxan málningu, annað hvort Murtex Siloxane eða Alphasiloxan Flex, sem er teygjanleg síloxan málning.
6. Á netsprungna múrklæðningu skal nota Alphasiloxan Flex (eitt og sér – ekki með Murtex Siloxane).

## Endurmálun

1. Tryggið að múrklæðningin sé þurr og laus við ryk, fitu, myglu og önnur óhreinindi. Fjarlægjið umferðarsót með Málartvätt og vatni. Látið þorna. Fjarlægjið lausa málningu með skröpun eða léttum háprýstipvotti.
2. Gerið við skemmdir með Husrep eða sambærilegum sements- og trefjafylltum viðgerðarefnum.
3. Grunnið bera fleti með Alpha Aquafix Opaque (hvítur grunnur), þynntum með vatni um 10-15%.
4. Vatnsbretti og lítið hallandi fleti skal mála 2-3 umferðir með ONE Super Tech, sbr. nýmálun að ofan.
5. Málið loks 2 umferðir með síloxan málningu, annað hvort Murtex Siloxane eða Alphasiloxan Flex, sem er teygjanleg síloxan málning.
7. Á netsprungna múrklæðningu skal nota Alphasiloxan Flex (eitt og sér – ekki með Murtex Siloxane).

**\*Nákvæmari upplýsingar um efnin má finna í tækniblöðum.**

## Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



## Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss

**Yfirmálun:**

Mur-Silan 48 klst

Alpha Aquafix Opaque 6 klst

Professional Microdispers 3-4 klst

Alphacoat 8-12 klst

Murtex Siloxane og Alphasiloxan Flex 8-12 klst

**Þynning:** Vatn

**Verkfæri:** Penslar, rúllur. Notið ekki sömu verkfæri í Mur-Silan og í málninguna

**Þekja:**

Mur-Silan 4-5 m<sup>2</sup>/l

Alpha Aquafix Opaque 4-8 m<sup>2</sup>/l

Professional Microdispers 8-10 m<sup>2</sup>/l

Alphacoat 4-5 m<sup>2</sup>/l

Murtex Siloxane og Alphasiloxan Flex 7-9 m<sup>2</sup>/l

**Hreinsun:** Vatn



SÉREFNI

Dalvegi 32b, 201 Kópavogi | sími 517 0404 | serefni.is